

**Ed.**

**489. Tillaga**

til þingsályktunar um uppburð sjer mála Íslands fyrir konungi í rikisráði Dana.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að ef svo yrði litið á, að með því, sem gerðist á rikisráðsfundi 20. okt. 1913, sbr. konunglegt opið brjef, dagsett sama dag, hafi uppburður sjer mála Íslands fyrir konungi í rikisráði Dana verið lagður undir valdsvið dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda, þá getur Alþingi ekki viðurkent slíka ráðstöfun skuldbindandi fyrir Ísland, þar sem hún bryti bág við vilja þingsins 1913 og fyrri þinga. Enn fremur ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það áskilur, að konungsúrskurður sá, er boðaður var í fyrnefndu opnu brjefi, verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins, og án nokkurrar i hlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda. Heldur Alþingi því þess vegna fast fram, að uppburður sjer mála Íslands fyrir konungi í rikisráði Dana verði hjer eftir sem hingað til sjer mátl landsins.